



RAUÐI KROSS ÍSLANDS

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/2126

komudagur 4/6 1996

Reykjavík 30. maí 1996

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
hr. formaður Vilhjálmur Egilsson  
Alþingi  
101 Reykjavík

Varðar: Frumvarp um fjármagnstekjuskatt.

Með tilvísun í bréf til yðar og efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dags. 24. apríl 1996 viljum við taka eftirfarandi fram fyrir hönd Rauða kross Íslands.

Þó svo að nefndin er samdi frumvarpið hafi ekki treyst sér til að undanþiggja einn aðila fjármagnstekjuskatti fremur en annan, er ljóst að með því að undanþiggja líknarfélög tekju- og eignarsköttum hefur Alþingi þegar tekið slíka afstöðu. Eðlilegt er að viðhalda skattleysi líknarsamtaka áfram og viljum við því beina því til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis að endurskoðuð verði breyting sú á lögum nr. 75/1981 er felst í því að bæta 3. og 4. málsgrein við 72. grein laganna.

Í samtölum okkar við landsfélög Rauða krossins á Norðurlöndum hefur komið fram að þó svo að greiða skuli fjármagnstekjuskatt á Norðurlöndum, eru líknarfélög undanskilin enda ekki tekju- og eignarskattsskyld. Einnig eru í þessum löndum framlög til viðurkenndra líknarfélaga frádráttarbær frá tekjum við álagningu tekjuskatts og njóta félögin að auki stórra framlaga frá hinu opinbera. Viljum við því beina því til nefndarinnar að hún athugi þann möguleika, að þó svo fjármagnstekjuskattur verði innheimtur af fjármagnstekjum líknarfélaga, að þeim verði gert kleift að skila inn skattframtali og fá skattinn endurgreiddan við álagningu.

Frjáls félagasamtök og líknarfélög gegna miklvægu hlutverki í íslensku samfélagi, þrátt fyrir aukna velmegun og öflugt velferðarkerfi. Í þessum félögum starfar fjöldi fólks að þeim málefnum sem því eru hugleikin og telja að séu verðug krafta þeirra. Einnig eru margir sem kjósa að styðja líknarfélög með árgjaldi eða styrkjum án þess að taka virkan þátt í starfi þeirra. Félagar Rauða kross Íslands eru nú rúmlega 18.000 og að auki eru um 2.000 manns sem styðja hjálparstarf Rauða kross Íslands erlendis með föstum fjárframlögum. Skattlagning fjármagnstekna mun draga úr getu líknarsamtaka til að starfa að markmiðum sínum. Samkvæmt áætlun nefndarinnar er vann frumvarpið, munu félagasamtök greiða 100 - 150 milljónir króna í fjármagnstekjuskatt verði frumvarpið að lögum. Fæst líknarsamtaka njóta mikilla fjárveitinga hins opinbera. Rauði kross Íslands nýtur engra styrkja opinberra aðila til starfsemi sinnar.

Fyrir hönd Rauða kross Íslands viljum við því ítreka þá beiðni okkar að líknarfélög verði undanþegin fjármagnstekjuskatt, á hvern þann hátt sem því verður best við komið.

Virðingarfyllst,  
f.h. Rauða kross Íslands

Sigrún Árnadóttir  
framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands

Vilborg Loftsdóttir  
gjaldkeri Rauða kross Íslands



ICELANDIC RED CROSS

CRUZ ROJA ISLANDESA

CROIX-ROUGE ISLANDAISE